

31. Ársþing KAÍ, 23. febrúar 2018

EFNISYFIRLIT

Stjórn KAÍ 2017 - 2018:	2
SKÝRSLA STJÓRNAR	3
Frá formanni.	3
Svana Katla Íþróttakona Kópavogs 2016	4
Frábærar viðureignir í Karate á RIG 2017	4
Æfingabúðir í kata með Karin Häggglund	6
Sjö keppendur á Evrópumóti unglinga í Sofia.	7
Katalandsliðið á Swedish Kata Trophy 2017	8
Karateþing 2017	8
Aron Anh með silfur	9
Nýir dómara hjá KAÍ	10
Landslið Íslands á NM	10
Þrjú silfur og tvö brons á NM	11
Sex keppendur á fyrsta Amsterdam Open Cup mótinu	13
Góður árangur á fyrsta Amsterdam Open Cup mótinu	13
Nýir dómara í kata	14
Æfingabúðir í kata með Karin Häggglund	14
Karate á smáþjóðaleikunum 2021	15
4. Smáþjóðamótið í karate	15
Frábær árangur á 4. Smáþjóðamótinu í karate	16
Nýir dómara í kumite	17
Karatesamband Íslands hlýtur styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ	17
6 landsliðsmenn á Heimsmeistaramóti ungmenna	18
Æfingabúðir í kata með Karin Häggglund	19
Karatekona og karatemaður ársins 2017	21
NEFNDIR	24
Aganefnd	24
Dómaranefnd	24
Landsliðsnefnd	24
Mótanefnd	24
Landsliðsþjálfarar	24
MÓT Á ÁRINU 2017	25
2. Bikarmót KAÍ 2016-2017	25
2. Bushidomót KAÍ 2016-2017	26
Reykjavík International Games í Karate	29
Íslandsmeistarmót í kata	31
3. Bikarmót KAÍ 2016-2017	32
3. Bushidomót KAÍ 2016-2017	33
Íslandsmeistaramót barna í kata 2017	35
Íslandsmeistaramót unglinga í KATA 2017	36
Haustmót KAÍ fyrir 12i 17 ára	38
Íslandsmeistaramót unglinga í kumite	40
Haustmót KAÍ fyrir 16 ára og eldri	42
Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite 2017	43
KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI	45
LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS	46

AFREKSSTEFNA KARATESAMBANDS ÍSLANDS 2017 - 2020.....	49
REGLUGERÐIR.....	52
REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.	52
REGLUR UM FÉLAGSSKIPTI.....	58
REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.	58
REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.....	59
REGLUR UM KARATEDÓMARA.....	60
REGLUR UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR.....	61
REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	62
VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ.....	62
REKSTRARREIKNINGUR KAÍ 1/1-31/12 2017	64
EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2017	66

Stjórn KAÍ 2017 - 2018:

Reinharð Reinharðsson	formaður
Jacqueline Becker	vara-formaður
María Jensen	Gjaldkeri
Arnar Jónsson	Meðstjórnandi
Willem Cornelis Verheul	Meðstjórnandi
Guðmundur Ásmundsson	varamaður
Ævar Austfjörð	varamaður
Rut Guðbrandsdóttir	varamaður

SKÝRSLA STJÓRNAR

Frá formanni.

Árið 2017 var viðburðaríkt ár í sögu karate á Íslandi.

Samstarf komst á milli karatefélaga í Mið-Englandi og Hollandi á árinu og komu keppendur frá þeim á Reykjavíkurlíkana í janúar og settu skemmtilegan svip á karatekeppnina. Íslenskir keppendur fóru á mót sem þessi félag stóðu fyrir síðar á árinu í þeirra heimalöndum.

Á karateþingi í febrúar voru samþykktar breytingar á mótahaldi KAÍ og tóku þær gildi nú um áramótin. Ákveðið var að miða mótaraðir við almanaksárið í stað vetrarmánuða. Því verða krýndir bikarmeistarar og GrandPrix meistarar í lok árs 2018 í stað vorsins.

Alþjóða ólymíunefndin samþykkti að hafa karate sem keppnisgrein á Ólympíumóti æskunnar í Buenos Aires í október 2018 og verður úrtökumót haldið í Umag, Króatíu 29. og 30. júní. Stefnir KAÍ á að senda einn keppenda á úrtökumótið.

Norðurlandamótið í karate fór fram í Tallinn, Eistlandi 8. apríl og áttu íslendingar 2 einstaklinga og eitt lið í úrslitum. Unnust 3 silfur og 2 brons á mótinu.

Í maí bárust þær gleðifrétti að samtök smáþjóða í Evrópu samþykktu tillögu Andorra um að karate yrði keppnisgreina á Smáþjóðaleikunum árið 2021. Verður þar keppt í einstaklingsgreinum í kata og kumite, 12 flokkar alls.

Ísland tók þátt í fjórða Smáþjóðamóti Evrópu í september sem var haldið í Andorra að þessu sinni. Ísland eignaðist sína fyrstu Smáþjóðameistara á mótinu, þau Aron Anh Ky Huan og Ivetu Ivanovu. Á þingi karatesmáþjóða bauðst Ísland til að halda sjötta mótið í Íslandi og verður það haldið í Laugardalshöllinni dagana 13.-15. September 2019.

Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði til KAÍ í september auknu fjármagni sem auðveldaði allt afreksstarf KAÍ á árinu. Í framhaldi af breytingum á sjóðnum og umsóknum í hann er svo komið að stjórn sambandsins sér fram á að nú sé lag að ráða starfsmann á skrifstofu í hlutastarf til að sinna sambandinu og íþróttamálum þess.

Í byrju nóvember var ritað undir styrktarsamning við Sportvörur um stuðning við Landslið Íslands í karate. Er það sameiginlegt markið beggja að auk sýnileika íþróttarinnar og efla samstarfið í framtíðinni. Við ég hvetja fundarmenn til að beina viðskiptum sínum til Sportvara ef þess er nokkur kostur.

Að lokum vil ég þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum auk allra sjálfboðaliðanna fyrir störf þeirra á síðasta ári og vona að hreyfingin fá notið krafta þeirra áfram.

Reinharð Reinharðsson
Formaður KAÍ

Svana Katla Íþróttakona Kópavogs 2016



Laugardaginn 7.janúar, fór fram Íþróttahátíð Kópavogs í Versölum, húsnaði fimleikafélagsins Gerplu. Þar voru veittar viðurkenningar fyrir árangur ársins 2016.

Svana Katla Þorsteinsdóttir, karatekona úr Breiðablik, var útnefnd Íþróttakona Kópavogs fyrir árið 2016. Þetta er stórkostleg viðurkenning sem Svana hlýtur og óskar Karatesambandið henni til hamingju með viðurkenninguna.

Úr umsögn Íþróttaráðs Kópavogs sagði m.a.;

Eins og flestir vita þá keppir Svana Katla að mestu leiti í kata, en hún hefur verið ein sterkasta katakonan hér á landi í mörg ár, verið ósigruð hér heima síðustu misseri, verið landsliðskona yfir 6 ár og keppt með landsliðinu í hópkata síðustu ár. Svana vann til silfurverðlauna með liðinu á síðasta Norðurlandameistaramóti.

1. Íslandsmeistari í kata kvenna
2. Íslandsmeistari í hópkata kvenna
3. Silfur í hópkata kvenna á Norðurlandameistaramóti
4. Silfur í kata kvenna, Swedish Kata Trophy
5. Gull í hópkata kvenna, Swedish Kata Trophy
6. 5-6.sæti í kata kvenna, Banzai Cup
7. sæti á Bikarmeistaramótaröð KAÍ 2016
8. Gull í kata kvenna, RIG

Frábærar viðureignir í Karate á RIG 2017



Karatesamband Íslands

Karatehluti RIG fór fram sunnudaginn 29.janúar í Frjálsíþróttahöllinni Laugardal, þar sem keppt var bæði í kata og kumite í 4 mismunandi aldursflokkum. Yfir 120 keppendur frá 10 félögum auk 14 erlendra gesta, frá Hollandi og Englandi, tóku þátt í mótinu. Mjög margar mjög góðar viðureignir sáust og ljóst að gott starf er unnið í karatefélögum landsins. Hápunktar dagsins voru keppnir í fullorðins flokki þar sem helsta landsliðsfólk okkar mætti erlendum keppendum. Úrslit í fullorðins flokkum voru sýnd í beinni útsendingu á RÚV.

Í úrslitum í kata senior kvenna mættust þær Svana Katla Þorsteinsdóttir úr Breiðablik og Katlyn Entwistle frá Englandi. Var þetta tvísýn viðureign sem endaði með að Katlyn sigraði 3-2. Í þriðja sæti urðu þær María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamri, og Laufey Lind Sigþórsdóttir, Breiðablik. Í kata senior karla mættust þeir Elías Snorrason úr KFR og Aron Anh Ky Huynh úr ÍR. Báðir sýndu þeir frábærar kata í háum styrkleikaflokki, en svo fór að Elías bar sigur úr býtum og vann flokkinn á RIG fimmta árið í röð. Í þriðja sæti lentu þeir Jóhannes Felix Jóhannesson úr Breiðablik og Sæmundur Ragnarsson úr Þórshamri.

Í kumite kvenna opinn flokkur mættust þær Katrín Ingunn Björnsdóttir úr Fylki og Saffron Kolf frá Hollandi. Mikill hasar var í viðureigninni og sóttu þær látlaut. Eftir hörkuviðureign var staðan 1-1 en þar sem Katrín hafði skorað á undan þá sigraði hún. Í þriðja sæti varð María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamri.

Í kumite karla -75kg flokki mættust félagarnir Ólafur Engilbert Árnason og Máni Karl Guðmundsson, báðir úr Fylki, en þeir tveir hafa keppt lengi á móti hvor öðrum. Sýndi þeir góðan bardaga. Ólafur sigraði viðureignina 3-1, í þriðja sæti urðu Lewis Muldown og Liam Uppal báðir frá Englandi.

Í kumite +75kg flokki mættust David Coope frá Englandi og Elías Guðni Guðnason úr Fylki. Bardaginn fór rólega af stað en endaði í góðri viðureign þar sem þeir Elías og David skiptust á að sækja. Bardaginn endaði með sigri David 6-1. Í þriðja sæti varð Drengur Arnar Kristjánsson úr Fjölni.

Seinna um daginn var svo keppt í yngri flokkum og helstu sigurvegarar voru;

Kata Youth kvenna; Ronja Halldórsdóttir, KFR

Kata Youth karla; Alexander Bendtsen, ÍR

Kata cadet kvenna; Sigríður Hagalín Pétursdóttir, KFR

Kata cadet Karla; Aron Bjarkason, Þórshamar

Kata Junior kvenna; Katelyn Entwistle, England

Kata Junior karla; Aron Anh Ky Huynh, ÍR

Kumite youth kvenna -45kg; Pála Ölvisdóttir, Þórshamar

Kumite youth kvenna +45kg; Theodóra Pétursdóttir, Fylkir

Kumite youth karla -50 kg ; Gabriel Andri Guðmundsson, Fylkir

Kumite youth karla +50 kg; Samuel Josh, Fylkir

Kumite cadet kvenna; Iveta Ivanova, Fylkir

Karatesamband Íslands

Kumite cadet karla -63kg; Phajan Jaffari, England

Kumite cadet karla +63kg; Mohsen Hadari, England

Kumite junior kvk; Saffron Kolf, Holland

Kumite junior karla -68kg; Omar Laáttar, Holland

Kumite junior karla +68kg; Will Thatham, England

Mótsstjórar voru María Jensen og Valgerður H. Sigurðardóttir. Yfirdómari var Helgi Jóhannesson. Á meðfylgjandi mynd má sjá sigurvegara í fullorðins og junior flokkum. Aftari röð frá vinstri David Coope, Will Thatham, Elías Snorrason, Aron Anh Ky Huynh og Ólafur Engilbert Árnason. Neðri röð frá vinstri Katelyn Entwistle, Sigríður Hagalín Pétursdóttir, Katrín Ingunn Björnsdóttir, Saffron Kolf og Omar Laáttar.

Æfingabúðir í kata með Karin Hägglund



Dagana 3. í 5. febrúar fóru fram æfingabúðir í kata með Sensei Karin Hägglund, frá Svíþjóð. Hún er margfaldur Norðurlandameistari í kata og hefur nú síðast unnið með sænska katalandsliðinu.

4. febrúar var haldin sérstök æfing fyrir karatefólk á aldrinum 11-15 ára sem hafa keppni í huga. Er mikill fengur að fá hana til að aðstoða landsliðskeppendur í kata og aðra efnilega keppendur.

Góð þátttaka var í æfingunum en um 30 keppendur tóku þátt yfir helgina.

Karatesambandið vill þakka Karatefélagi Reykjavíkur og Karatefélaginu Þórshamri fyrir að lána æfingaaðstöðu sína fyrir æfingabúðirnar.

Karatesamband Íslands
Sjö keppendur á Evrópumóti unglunga í Sofia.



Ísland sendi sjö keppendur á Evrópumóti unglunga, sem fram fór í Sofia, Búlgaríu, dagana 16. til 19. febrúar. 1.150 keppendur frá 39 þjóðum á aldrinum 14 til 21 árs kepptu í 37 flokkum alls í kata og kumite og samanstendur íslenski hópurinn af Sigríði Hagalín Pétursdóttur, KFR, og Aroni Huynh, ÍR, en þau keppa bæði í Kata. Kumitekeppendur eru Embla Kjartansdóttir, Iveta Ivanova, Katrín Ingunn Björnsdóttir, Máni Karl Guðmundsson og Ólafur Engilbert Árnason, öll úr Fylki.

Undirbúningur hefur staðið yfir í allnokkurn tíma fyrir mótið og hafa allnokkrir keppendur staðið sig vel á þeim mótum sem keppt hefur verið á erlendis, þannig má nefna að Iveta Ivanova hefur sótt gull til Englands og Embla Kjartansdóttir silfur í sömu ferð. Ólafur hefur sótt verðlaun til Þýskalands og keppt á heimsmeistaramóti fullorðinna, og af innlendum vettvandi keppenda má nefna að Máni Karl og Katrín Ingunn eru núverandi Íslandsmeistarar og var Aron Huynh einnig valinn karatemaður ársins á dögnum.

Keppendur í flokkum:

Sigríður Hagalín Pétursdóttir, Kata kvenna Cadet (32 keppendur)

Aron Huynh, Kata karla Junior (37 keppendur)

Embla Kjartansdóttir, Kumite kvenna Cadet -54 kg. (39 keppendur)

Iveta Ivanova, Kumite kvenna Junior -53 kg. (34 keppendur)

Katrín Ingunn Björnsdóttir, Kumite kvenna undir 21 árs -68 kg. (29 keppendur)

Máni Karl Guðmundsson, Kumite karla undir 21 árs -67 kg. (42 keppendur)

Ólafur Engilbert Árnason, Kumite karla undir 21 árs -75 kg. (41 keppandi)

Ingólfur Snorrason, landsliðspjálfi í Kumite, verður með í för og með honum verður Pétur Ragnarsson fararstjóri og einnig mun Helgi Jóhannesson, varaformaður karatesambands Íslands og dómari, dæma á mótinu.

Á meðfylgjandi mynd má sjá landsliðshópinn ásamt landsliðspjálfurum, frá vinstri, Ingólfur landsliðspjálfi í kumite, Ólafur Engilbert, Katrín Ingunn, Aron Anh, Iveta, Sigríður, Embla, Máni Karl og Vilhjálmur Svan landsliðspjálfi í kata.

Karatesamband Íslands
Katalandsliðið á Swedish Kata Trophy 2017



Laugardaginn 25. febrúar næstkomandi fer fram sterkt sænskt katamót í Stokkhólm, Swedish Kata Trophy. Íslenskir keppendur hafa tekið þátt í þessu móti síðustu ár með góðum árangri, í ár fara 4 landsliðsmenn frá okkur á mótið. Kata Trophy hefur í gegnum tíðina verið mjög sterkt katamót með keppendum frá yfir 10 þjóðlöndum og er eins í ár. Íslensku keppendurnir notar þetta mót sem undirbúning fyrir Norðurlandameistaramótið sem fer fram í Eistlandi 8. apríl næstkomandi.

Íslensku keppendurnir eru;

Elías Snorrason, KFR

Arna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik

Aron Anh Huynh, ÍR

Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik

Á meðfylgjandi mynd má sjá landsliðsfólkið, frá vinstri Arna Katrín, Svana Katla, Aron Anh og Elías.

Karateþing 2017

30. Karateþing var haldið laugardaginn 25. febrúar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Um 30 fulltrúar karatefélaganna á landinu tóku þátt í þingstörfunum. Hafsteinn Pálsson, úr framkvæmdastjórn ÍSÍ, var gestur á þinginu.

Reinharð Reinharðsson, formaður KAÍ til 11 ára, var sæmdur gullmerki ÍSÍ af Hafsteini Pálssyni, fyrir stjórnunarstörf í karatehreyfingunni.

Nokkur mál lágu fyrir þinginu, Afreksstefna KAÍ fyrir 2017 í 2019, fjárhagsáætlun 2017 auk tillagna um greiðslur fyrir dómgæslu, fjölda dómara á mótum, aldur keppenda á mótum og skráningu og viktun keppenda fyrir mót.

Nokkrar umræður urðu um Afreksstefnu KAÍ og tók hún lítilsháttar breytingum í umfjöllun allsherjarnefndar. Hún var síðan samþykkt með áorðnum breytingum.

Miklar umræður urðu um aðar tillögur og var samþykkt eftir umræður og nokkrar breytingar í nefndum tillögur um greiðslu fyrir dómgæslu og um skráningu og viktun keppenda.

Tillaga um fjölgun dómara frá félögunum var felld og tillaga um aldur keppenda á mótum tók gagngerum breytingum í nefnd og var hún samþykkt með áorðnum breytingum. Mun því í framtíðinni

Karatesamband Íslands

verða miðað við fæðingardag en ekki fæðingarár keppenda á mótum á vegum KAÍ og mótaraðir á vegum sambandsins munu miðast við almanaksárið.

Reinharð Reinharðsson var endurkjörinn formaður sambandsins og tveir nýir stjórnarmenn komu inn í aðalstjórn, Arnar Jónsson og Willem C. Verheul. Einn nýr stjórnarmaður kom inn í varastjórn, Guðmundur Ásmundsson.



Ný stjórn KAÍ 2017. Á myndina vantar Ævar Austfjörð.

Aron Anh með silfur

Laugardaginn 25. febrúar fór fram Swedish Kata Trophy, sterkt alþjóðlegt mót í kata, í Stokkhólmi. Fjórir keppendur frá Íslandi tóku þátt í mótinu. Þau Elías Snorrason, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Arna Katrín Kristinsdóttir og Aron Anh Ky Huynh. Elías og Svana kepptu í fullorðinsflokki og áttu í höggi við sænska landsliðsmenn í fyrstu viðureign. Þau náðu ekki að vinna til verðlauna. Arna og Aron kepptu bæði í flokki fullorðinna og flokki 16-17 ára og fóru leikar svo að Aron Anh vann til silfurverðlauna í flokki 16-17 ára drengja.



Á myndinni má sjá Aron Anh með bikarinn fyrir annað sæti.

Nýir dómarar hjá KAÍ



Karatesambandið stóð fyrir dómaranámskeiði í kata og kumite nú í vor. Helgi Jóhannesson, EKF Referee, sá um námskeiðin sem var í formi fyrirlesturs og í framhaldi af honum var haldið skriflegt próf fyrir þá sem það kjósa. Farið var yfir keppnisreglur WKF útgáfu 2017.

Góð þátttaka var á námskeiðinum og vill Karatesambandið koma á framfæri þakklæti fyrir góð viðbrögð við óskum um betri þátttöku í starfi sambandsins.

Á laugardegnum, 25. mars, á meðan þriðja Bushidómóti vetrarins fór fram, var haldið verklegt próf. Til að ná prófi og fá Judge-B réttindi í kumite og/eða kata, þarf að standast bæði skriflegan og verklegan hluta prófsins.

Nýir dómarar í kumite eru;

Máni Karl Guðmundsson, Fylkir, Kumite Judge-B

Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir, Kumite Judge-B

Nýir dómarar í kata eru;

Arnar Þór Björgvinsson, Aftureldingu, Kata Judge-B

Birkir Jónsson, Þórshamar, Kata Judge-B

Guðbjörg Rún Torfadóttir, Fjölni, Kata Judge-B

Ragnar Eypórsson, Breiðablik, Kata Judge-B

Landslið Íslands á NM



Karatesamband Íslands

Laugardaginn 8. apríl næstkomandi fer fram Norðurlandameistaramótið í karate sem haldið er í Tallinn, Eistlandi í ár. Ísland sendir 12 keppendur að þessu sinni auk þess er keppir hópatalið kvenna. Norðurlandameistaramótið er mjög sterkt í ár, um 263 keppendur skráðir frá öllum norðurlöndunum auk Eistlands, Lettlands og Litháen, sem er boðið að taka þátt í mótinu. Keppt er í 3 aldursflokkum, cadet (14-15 ára), junior (16-17 ára) og senior (18 ára og eldri), bæði í kata og kumite.

Í gegnum tíðina hefur Ísland verið að ná ágætis árangri og í fyrra vann landsliðið 2 silfurverðlaun og 4 bronsverðlaun, bæði í einstaklingsflokkum og í liðakeppni. Landsliðið hefur verið í stífum æfingarbúðum að undanfögnu undir leiðsögn landsliðspjálfarana þeirra Ingólfs Snorrasonar og Vilhjálms Svans Vilhjálmssonar. Auk þeirra fara með hópnum formaður Karatesambandsins, 3 dómarar og 3 liðsstjórar.

Landslið Íslands í karate er:

Arna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik, kata og hópkata
Aron Anh Ky Huynh, ÍR, kata
Aron Bjarkason, Þórshamar, kata
Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylkir, kumite
Elías Snorrason, KFR, kata
Embla Kjartansdóttir, Fylkir, kumite
Iveta Ivanova, Fylkir, kumite
Laufey Lind Sigþórsdóttir, Breiðablik, kata og hópkata
Máni Karl Guðmundsson, Fylkir, kumite
Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir, kumite
Sigríður Hagalín Pétursdóttir, KFR, kata
Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, kata og hópkata

Á meðfylgjandi mynd má sjá landsliðshópinn með þjálfurum. Á myndinni eru, aftari röð frá vinstri; Ingólfur Snorrason landsliðspjálfari, Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Ólafur Engilbert Árnason, Elías Snorrason, Aron Bjarkason, Aron Anh Ky Huynh, Máni Karl Guðmundsson og Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson landsliðþjálfari. Fremri röð frá vinstri; Svana Katla Þorsteinsdóttir, Embla Kjartansdóttir, Sigríður Hagalín Pétursdóttir, Iveta Ivanova, Arna Katrín Kristinsdóttir og Laufey Lind Sigþórsdóttir.

Þrjú silfur og tvö brons á NM

Laugardaginn 7. apríl, fór fram Norðurlandameistaramótið í karate sem haldið var í Tallinn, Eistlandi. Ísland var með 12 keppendur á mótinu og eitt lið og stóðu þau sig öll vel. Hópatalið okkar í kvennaflokki fékk silfurverðlaun eftir að hafa mætt danska hópataliðinu í úrslitum, þriðja árið í röð.

Karatesamband Íslands

Í einstaklingsflokki stóð Ólafur Engilbert Árnason sig best þegar hann keppti í kumite í -75kg flokki. Í fyrstu umferð sigraði hann Jimmy Haag frá Svíþjóð. Í næstu umferð sigraði hann Eimatas Gajaukas frá Litháen 8-0 og í þriðju viðureigninni sigraði hann Aleksei Ustinov frá Eistlandi 2-0 og var þá kominn í úrslit. Í loka viðureigninni um gullið tapaði Ólafur fyrir Pavel Artamonov 0-4 og hlaut því silfur í flokknum.

Í cadetflokki keppti Embla Kjartansdóttir í kumite -54kg flokki. Hún sigraði fyrstu viðureign sína við Katrin Kukk frá Eistlandi 2-0. Í næst viðureign sigraði hún Aleksandra Mihailova frá Lettlandi 1-0 og var þar með kominn í úrslit. Í úrslitaviðureigninni beið hún lægri hlut fyrir Venla Karttunen frá Finnlandi 0-7 og uppskar þar með silfrið.

Máni Karl Guðmundsson vann brons í kumite -67kg flokki. Máni tapaði fyrir Nikolajs Bodrovs frá Letlandi 1-3 en Badrovs varð Norðurlandameistari í flokknum og fékk Máni því uppreisnarviðureign. Í viðureigninni um 3ja sætið sigraði Máni Joni Kolari frá Finnlandi í jafnri viðureign, 1-0. Máni Karl stóð uppi sem sigurvegari og bronsið hans.

Aron Anh Huynh keppti í kata junior og tapaði fyrstu viðureign sinni við Danann August Andersen með minnsta mun 2-3. Daninn fór í úrslit og því fékk Aron uppreisnarviðureign um 3ja sætið. Þar keppti Aron við Ventor Gjuka frá Noregi og sigraði 4-1 og bronsið var hans.

Aðrir keppendur okkar stóðu sig einnig mjög vel, margir áttu mjög góðan dag og voru í baráttu um bronsverðlaun en biðu lægri hlut.

Má þar nefna Sigríði Hagalín Pétursdóttur, 5ta sæti í kata female cadet, Aron Bjarkason, 5ta sæti kata male cadet, Svana Katla Þorsteinsdóttir, 5ta sæti kata female, Iveta Ivanonva, kumite junior female -53kg og Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, 5ta sæti kumite junior male -76kg.



Verðlaunahafarnir í fremri röð: Laufey, Svana, Arna, Aron, Embla, Ólafur og Máni.

Sex keppendur á fyrsta Amsterdam Open Cup mótinu

Sex keppendur frá Íslandi taka þátt á fyrsta Amsterdam Open Cup mótinu, sunnudaginn 16. apríl næstkomandi.

Með hópnum er landsliðsþjálfarinn í kumite, Ingólfur Snorrason. 546 keppendur eru skráðir til leiks frá 18 þjóðum.

Keppendurnir eru:

Iveta Ivanova, kumite junior female -67 kg.

María Helga Guðmundsdóttir, kumite female -55 kg.

Katrín Ingunn Björnsdóttir, kumite female +61 kg.

Máni Karl Guðmundsson, kumite male -67 kg.

Ólafur Engilbert Árnason, kumite male -75 kg.

Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, kumite junior male +70 kg.



Á myndinni eru keppendurnir auk þjálfarans.

Góður árangur á fyrsta Amsterdam Open Cup mótinu

Fyrsta Amsterdam Open Cup mótið fór fram sunnudaginn 16. apríl í Amsterdam.



María Helga og Iveta með verðlaunin

Karatesamband Íslands

Iveta var í miklum ham í -53 kg. flokki Junior og fór alla leið í úrslit þar sem hún tapaði naumlega fyrir Belgískri stelpu.

María kom sterk inn í fyrstu viðureign og vann með töluverðum mun, tapaði síðan naumlega og endaði með að keppa um bronsið og sigra, niðurstaðan þriðja sæti í -55 kg. flokki.

Ágúst var háflslappur, fékk ælupest skömmu eftir lendingu en ákvað að vera með. Hann keppti í +70 kg. flokki Junior og náði á ótrúlegan máta að sigra tvo bardaga í röð eftir naumt tap í fyrsta fyrir sigurvegara flokksins og varð hann því í þriðja sæti í flokknum.

Kata sigraði fyrstu tvær viðureignirnar í +61 kg. flokki og tapaði þriðju, keppti síðan um brons og tapaði naumlega.

Óli og Máni duttu naumlega út í fyrsta bardaga í -75 og -67 kg. flokki fullorðinna.

Mótið var frábært í alla staði og skipulagning í fyrsta flokki. Það var mikið af landsliðsfólki að keppa og ljóst að það er verið að hita verulega upp fyrir EM fullorðinna og HM unglunga.

Með í ferðinni var landsliðsþjálfarinn, Ingólfur Snorrason.

Nýir dómarar í kata

Tveir nýir katadómarar luku dómaraprófi nú um helgina á barna- og unglingamótunum í kata á Akranesi.

Þau eru:

Arnar Júlíusson, KfV, Kata Judge-B

Valdís Ósk Árnadóttir, UMFA, Kata Judge-B

Óskum þeim til hamingju með áfangann.

Æfingabúðir í kata með Karin Hægglund

Dagana 26. í 28. maí fóru fram æfingabúðir í kata með Sensei Karin Hægglund, frá Svíþjóð.

Hún er margfaldur Norðurlandameistari í kata og hefur nú síðast unnið með sænska katalandsliðinu.

Góð þátttaka var í æfingunum en um 30 keppendur tóku þátt yfir helgina.

Er mikill fengur að fá hana til að aðstoða landsliðskeppendur í kata og aðra efnilega keppendur.

Karatesambandið vill þakka Karatefélagi Reykjavíkur og Karatefélaginu Þórshamri fyrir að lána æfingaaðstöðu sína fyrir æfingabúðirnar.



Í lok sunnudagsæfingar í Þórshamri.

Karate á smáþjóðaleikunum 2021



Samtök ríkja sem standa að smáþjóðaleikum Evrópu samþykktu á fundi sínum 29. maí að keppt yrði í karate á leikunum þegar þeir verða haldnir í Andorra sumarið 2021. Tillaga um að keppt yrði í kata og 5 flokkum í kumite í bæði kvenna og karlaflokkum var samþykkt. Því verður keppt í 12 flokkum seniora og getur 1 keppandi frá hverju landi verið skráður í flokk. Flestir geta keppendur því orðið 108 á leikunum.

Rétt er að þakka formanni SSEKF, Andreas Vasileiou, frá Kýpur, fyrir alla undirbúningsvinnuna og forseta alþjóða karatesambandsins, Antonio Espinos, fyrir stuðning hans við tillöguna. Þeir tveir hafa farið á fundi, kynnt tillöguna og aflað henni stuðnings síðasta árið.

4. Smáþjóðamótið í karate

4. Smáþjóðamótið í karate verður haldið dagana 28. september til 1. október 2017 í Andorra.

Um 400 keppendur eru skráðir til leiks frá 8 af smáþjóðum Evrópu en 9 eru í samtökum Smáþjóða Evrópu sem taka þátt í Smáþjóðaleikunum annað hvert ár.

12 keppendur frá Íslandi taka þátt í mótinu. Auk þeirra eru með í ferðinni, þjálfari, 4 dómarar og 2 fararstjórar.

Keppt er í einstaklings flokkum og liðakeppni í kata og kumite.

Keppendur Íslands eru á myndinni auk landsliðsþjálfarans í kumite:



Aron Anh Huynh, kata
Aron Bjarkason, kata
Arna Katrín Kristinsdóttir, kata og kumite
Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, kumite
Elías Snorrason, kata
Iveta Ivanova, kumite
Laufey Lind Sigþórsdóttir, kata
María Helga Guðmundsdóttir, kumite
Máni Karl Guðmundsson, kumite
Ólafur Engilbert Árnason, kumite
Óttar Ingvason, kumite
Svana Katla Þorsteinsdóttir, kata
Ingólfur Snorrason, landsliðspjálfi í kumite

Frábær árangur á 4. Smáþjóðamótinu í karate

4. Smáþjóðamótið í karate fór fram dagana 29. september til 1. október í Andorra.

12 keppendur frá Íslandi tóku þátt og náðu frábærum árangri á mótinu. Um 400 keppendur tóku þátt frá átta af níu þjóðum í samtökum smáþjóða Evrópu.

Ísland eignaðist sína fyrstu tvo Smáþjóðameistara nú um helgina, þau Aron Ahn Huynh í kata og Ivetu Ivanovu í kumite.

Verðlaun Íslendinga:

Aron Ahn Huynh, gull í kata male junior
Ivetu Ivanovu, gull í kumite female junior -53kg
Ólafur Engilbert Árnason, silfur í male senior kumite -75kg
Svana Katla Þorsteinsdóttir, brons í female senior kata

31. Ársþing KAÍ

24. febrúar 2018

Karatesamband Íslands

María Helga Guðmundsdóttir, brons í female senior kumite í 55kg

Arna Katrín Kristinsdóttir, brons í female senior kumite í 61kg

Máni Karl Guðmundsson, brons í male senior kumite -67kg

Brons í liðakeppni kvenna í kata: Arna, Laufey og Svana.

Brons í liðakeppni karla í kumite: Ólafur og Máni.



Hópurinn með verðlaunin að móti loknu.

Nýir dómara í kumite

Karatesambandið stóð fyrir dómaranámskeiði í kumite föstudaginn 6. október og fór verklegi hlutinn fram sunnudaginn 15. október.

Eftirfarandi dómara hækkuðu réttindi sín:

Ragnar Eyþórsson A-dómari

Elías Snorrason B-dómari

Máni Karl Guðmundsson A-meðdómari

Nýir dómara í kumite eru:

Katrín Ingunn Björnsdóttir B-meðdómari

Óttar Snær Yngvason B-meðdómari

Ævar Austfjörð B-meðdómari

Karatesamband Íslands hlýtur styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ

Karatesamband Íslands (KAÍ) hefur hlotið viðbótarstyrkveitingu úr Afrekssjóði ÍSÍ vegna landsliðsverkefna ársins 2017. Um er að ræða styrk að upphæð 1,6 m.kr. sem bætist við fyrri úthlutun til sambandsins, en sambandið hlaut styrk að upphæð 1,6 m.kr. í fyrri úthlutun ársins úr Afrekssjóði ÍSÍ.

Karatesamband Íslands

Karate er orðin Ólympíugrein og verður á dagská næstu Ólympíuleika í Tókýó 2020. Erlent mótahald tekur mið af því og því er mikilvægt að íslenskir keppendur taki þátt og öðlist enn frekari keppnisreynslu á erlendum mótum. Á árinu 2017 hefur sambandið tekið þátt í fjölmörgum erlendum verkefnum, jafnt fyrir fullorðinna sem unglunga en ljóst er að efla þarf enn frekar alþjóðlega þátttöku og árangur á stærri vettvangi ef sambandið ætlar sér að eiga keppanda á Ólympíuleikum í framtíðinni. Í lok september tók sambandið þátt í Smáþjóðamóti í karate sem haldið var í Andorra og næsta verkefni er Heimsmeistaramót ungmenna, 14 - 21 árs, sem fram fer á Tenerife dagana 25. - 30. október næstkomandi. Viðbótarstyrkur Afrekssjóðs ÍSÍ gefur sambandinu tækifæri á að efla enn frekar umgjörð afrekssarfs hjá sambandinu og vinna að framþróun afreksíþrótta.



Á myndinni má sjá karatekeppendur sem munu taka þátt á Heimsmeistarmóti ungmenna ásamt Lilju Sigurðardóttur, formanni Afrekssjóðs ÍSÍ, Líneyju Rut Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra ÍSÍ og Reinharði Reinharðssyni, formanni KAÍ.

6 landsliðsmenn á Heimsmeistaramóti ungmenna

Á mánudag halda 6 landsliðsmenn í karate af stað til þátttöku á Heimsmeistaramóti ungmenna, 14 - 21 árs í karate, sem haldið er í Santa Cruz de Tenerife, Spáni 25. - 29. október.

Landsliðsfólkið er Ólafur Engilbert Árnason, Máni Karl Guðmundsson, Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Aron Bjarkason, Aron Anh Ky Huynh og Iveta Ivanova.

Mjög góð þátttaka er á Heimsmeistaramótinu, 1710 keppendur skráðir frá 109 þjóðum. Margt af besta karatefólki heimsins tekur þátt í mótinu enda gefur þátttaka stig á heimslista WKF, Alþjóðlega Karatesambandsins, en stigahæstu einstaklingarnir geta unnið sér inn keppnisrétt á Ólympíuleika ungmenna, í Buenos Aires, Argentínu 17.-18. október 2018.

Miðvikudaginn 25. október keppir Aron Anh Ky Huynh í kata Junior en 52 keppendur eru skráðir til leiks í flokknum.

Fimmtudaginn 26. október keppa þau Iveta Ivanova í -53kg junior flokki í kumite (48 keppendur), Aron Bjarkason í -61 kg junior flokki í kumite (60 keppendur) og Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson í -76 kg junior flokki í kumite (59 keppendur).

Karatesamband Íslands

Föstudaginn 27. október er síðan keppt til úrslita í fyrrnefndum flokkum.

Sunnudaginn 29. október keppa þeir Máni Karl Guðmundson í -67kg U21 flokki í kumite (65 keppendur) og Ólafur Engilbert Árnason í -75kg U21 flokki í kumite (69 keppendur). Keppt er til úrslita þann dag. Mótinu líkur þá um kvöldið.



Á meðfylgjandi mynd má sjá keppnishópinn, frá vinstri Aron Anh, Máni Karl, Ágúst Heiðar, Aron og Iveta. Á myndina vantar Ólaf Engilbert sem er í Danmörku við æfingar.

Æfingabúðir í kata með Karin Hägglund

Karatesambandið stóð fyrir æfingabúðum með Karin Hägglund, landsliðspjálfa Svía í kata, dagana 3.-5. nóvember.

Ein æfingar var fyrir 11-15 ára keppendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í keppni.

Önnur æfinga var opin fyrir all sem vildu kynna sér keppni í kata og komu um 35 iðkendur á hana.

Karin var síðan með tvær lokaðar æfingar fyrir landsliðshópinn í kata með landsliðspjálfa, Vilhjálmi Svan Vilhjálmsyni.

Vel var látið að æfingunum hjá henni og eigum við von á henni aftur til landsins eftir áramótin.



Karin með 11-15 ára hópnum

Karatesamband Íslands



Karin með 11-15 ára hópnum



Landsliðshópurinn



Í lok landsliðsæfingar

Karatesamband Íslands



Við upphaf opnu æfingarinnar



Í lok opnu æfingarinnar

Karatekona og karatemaður ársins 2017

Stjórn Karatesambands Íslands hefur útnefnt eftirfarandi karatekonu og karatemann ársins 2017.



Aron og Iveta

Karatekona ársins 2017.

Iveta C. Ivanova, Karatedeild Fylkis.

Iveta hefur verið sigursæl karatekona síðustu ár í sínum aldursflokki. Hún keppir í kumite og hefur náð frábærum árangri á árinu. Hún varð Smáþjóðameistari í sínum flokki, fyrst íslenskra kvenna, auk þess að vera Íslandsmeistari í -61kg flokki kvenna. Hún hefur verið í verðlaunasætum erlendis sem og innanlands síðstu ár.

Iveta er núna í 52.sæti á heimslista Alþjóða Karatesambandsins (WKF) í -51 kg kumite junior kvenna af 116 skráðum keppendum.

Helstu afrek Ivetu á árinu 2017 voru;

RIG 2017 Kumite cadet kvenna 1. sæti
Amsterdam Open Cup -53 kg. junior 2. sæti
SSEKF Andorra kumite female junior -53kg 1. sæti
UM kumite 2017 Kumite stúlkna 16-17 ára 1. Sæti
Haustmót KAÍ , Kumite kvenna 1. sæti
ÍM kumite -61 kg flokki kvenna 1. Sæti

Hún er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar

Karatemaður ársins 2017.

Aron Anh Ky Huynh, Karatedeild ÍR

Aron Anh er efnilegur karatemaður sem hefur verið vaxandi í keppni í ár og hefur einbeitt sér að keppni í kata á þessu ári. Aron Anh er fyrsti Smáþjóðameistainn fyrir Íslands hönd og er núverandi Bikarmeistari á sínu öðru keppnisári í fullorðinsflokki auk þess að vera Íslandsmeistari fullorðinna í kata. Aron Anh er einnig bikarmeistari unglinga í kata ásamt því að vera í verðlaunasætum bæði á unglinga og fullorðinsmótum í kata innanlands sem utan.

Aron Anh er núna í 54.sæti á heimslista Alþjóða Karatesambandsins (WKF) í kata junior karla af 117 skráðum keppendum.

Helstu afrek Aron Anh á árinu 2017 voru;

RIG 2017 í Kata Junior karla 1. Sæti
RIG 2017 í kata senior karla 2. Sæti
RIG 2017 í kumite male junior -68kg 2. Sæti
Swedish Kata Trophy, í kata junior male 2. Sæti
ÍM kata senior male 1. sæti
Bikarmótaröð í karate 2017 1. sæti
Grand Prix mótaröð 2017 Kata 16-17 ára drengir 1. sæti

NM 2017 kata junior 3. Sæti

SSEKF Andorra kata male junior 1. sæti

Haustmót KAÍ Kata karla 1. Sæti

Hann er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar.

NEFNDIR

Aganefnd

Ásmundur Ísak Jónsson - formaður

Ólafur Helgi Hreinsson

Guðni Már Egilsson

Magnús Kr. Eyjólfsson

Willem Cornelis Verheul

Varamenn:

Gretar Örn Halldórsson

Indriði Jónsson

Vincente Carrasco

Dómaranefnd

Kristján Ó. Davíðsson - formaður

Pétur Freyr Ragnarsson

Ragnar Eyþórsson

Landsliðsnefnd

Jacqueline Becker - formaður

Valgerður Helga Sigurðardóttir

Stefán Alfreðsson

Mótanefnd

María Jensen i formaður

Jacqueline Becker

Reinharð Reinharðsson

Landsliðspjálfarar

Ingólfur Snorrason i Kumite

Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson i Kata

MÓT Á ÁRINU 2017

2. Bikarmót KAÍ 2016-2017

21. janúar 2017 Jaðarbökkum Akranesi

KATA

Kata karla			Stig(2)	Stig áður(1)	Stig alls
1.	Elía Snorrason	kfr	10	10	20
2.	Matthías B Montazeri	ÍR	8	6	14
3.	Arnar Júlíusson	KFV	6	3	9
3.	Aron Anh	ÍR	6	3	9
5.-6.	Óttar Snær Yngvason	Þórshamar	3	0	3
5.-6.	Sæmundur Ragnarsson	Þórshamar	3	6	9

Kata kvenna			Stig(2)	Stig áður(1)	Stig alls
1.	Svana Katla Þorsteinsdóttir	Breiðablik	10	10	20
2.	Sigríður Hagalín	KFR	8	0	8
3.	María Helga Guðmundsdóttir	Þórshamar	6	6	12
3.	Laufey Lind Sigþórsdóttir	Breiðablik	6	6	12
5.-6.	Arna Katrín Kristinsdóttir	Breiðablik	3	3	6
5.-6.	Hera María Jacobsen	Breiðablik	3	0	3

KUMITE

Kumite karla			Stig(2)	Stig áður(1)	Stig alls
1.	Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson	Fylkir	10	6	16
2.	Ólafur Engilbert Árnason	Fylkir	8	8	16
3.	Matthías B Montaeri	ÍR	6	0	6
3.	Máni Karl Guðmundsson	Fylkir	6	10	16
5.-6.	Þorsteinn Freygarðsson	Fylkir	3	0	3
5.-6.	Aron Anh	ÍR	3	3	6

Kumite kvenna			Stig(2)	Stig áður(1)	Stig alls
1.	Iveta Ivanova	Fylkir	10	0	10
2.	Katrín Ingunn Björnsdóttir	Fylkir	8	8	16
3.	Katla Halldórsdóttir	Fylkir	6	0	6
3.	María Helga Guðmundsdóttir	Þórshamar	6	6	12
5.-6.	Zara Pesenti	KFV	3	0	3
5.-6.	Arna Katrín Kristinsdóttir	Breiðablik	3	3	6

2. Bushidomót KAÍ 2016-2017

Akranes 21.janúar 2017

KATA

Kata 12-13 ára drengja

1.	Tómas Pálmar Tómasson
2.	Daníel Dagur Bogason
3.	Alexander Bendtsen
3.	Agnar Már Másson
5.-6.	Tómas Aron Gíslason
5.-6.	Kristinn Benedikt Hannesson

	Stig	Stig áður	Stig alls
Breiðablik	10	10	20
Breiðablik	8	6	14
ÍR	6	6	12
Þórshamar	6		6
Breiðablik	3		3
KAK	3		3

Kata 12-13 ára stúlkna

1.	Ísabella Rut Davíðsdóttir
2.	Ronja Halldórsdóttir
3.	Sunna Rut Guðlaugardóttir
3.	Sóley Eva Magnúsdóttir
5.-6.	Kristrún Bára Guðjónsdóttir
5.-6.	

	Stig	Stig áður	Stig alls
KFR	10	6	16
KFR	8	8	16
Fjölur	6		6
KFA	6		6
KAK	3	10	13

Kata 14-15 ára pílta

1.	Máni Hákonarson
2.	Aron Bjarkason
3.	Þórður Jökull Henrysson
3.	Michael C Már Davíðsson
5.-6.	Amjad Joumaa Naser
5.-6.	Matthías Eyfjörð

	Stig	Stig áður	Stig alls
UMFA	10	6	16
Þórshamar	8	10	18
UMFA	6		6
KFR	6	8	14
KFA	3		3
UMFA	3	3	6

Kata 14-15 ára stúlkna

1.	Sigríður Hagalín Pétursdóttir
2.	Helga Björg Óladóttir
3.	Freyja Stígisdóttir
3.	Móey María Sigþórsdóttir
5.-6.	Hjördís Helga Ægisdóttir
5.-6.	Filippía Þóra Jónsdóttir

	Stig	Stig áður	Stig alls
KFR	10	10	20
Þórshamri	8	8	16
Þórshamri	6		6
Breiðablik	6	6	12
Haukar	3		3
Þórshamri	3		3

Kata 16-17 ára píltna

1.	Aron Anh Ky Huynh
2.	Amar Júlíusson

	Stig	Stig áður	Stig alls
ÍR	10	10	20
KFV	8	6	14

3.	Ahmad Joumaa Naser
3.	Jóhannes Felix Jóhannesson
5.-6.	Matthías B Montazeri
5.-6.	

KFA	6		6
Breiðablik	6	3	9
ÍR	3	8	11
			0

Kata 16-17 ára stúlkna

1.	Arna Katrín Kristinsdóttir
2.	Hera María Jacobsen
3.	Laufey Lind Sigþórsdóttir
3.	Guðbjörg Birta Sigurðardóttir
5.-6.	
5.-6.	

	Stig	Stig áður	Stig alls
Breiðablik	10	8	18
Breiðablik	8	6	14
Breiðablik	6	10	16
Breiðablik	6		6

KUMITE

kumite 12-13 ára drengja léttari

1.	Agnar Már Másson
2.	Hermann C H Haraldsson
3.	Björgvin Snær Magnússon
3.	Gabriel Andri Guðmundsson
5.-6.	Alexander Bendtsen
5.-6.	Daniel Karles Randversson

	Stig	Stig áður	Stig alls
Þórshamri	10		10
Fjölur	8	6	14
KFA	6		6
Fylkir	6	10	16
ÍR	3	6	9
KFA	3		3

kumite 12-13 ára þyngri

1.	Samuel Ramos
2.	Viktor Guðlaugsson
3.	

	Stig	Stig áður	Stig alls
Fylkir	10	10	20
Fylkir	8	6	14

kumite 12-13 ára telpna

1.	Ísold Felixdóttir
2.	Ronja Halldórsdóttir
3.	Sunna Rut Guðlaugardóttir
3.	Theodóra Pétursdóttir
5.-6.	Ísabella Rut Davíðsdóttir
5.-6.	Sóley Eva Magnúsdóttir

	Stig	Stig áður	Stig alls
Fylkir	10	8	18
KFR	8	10	18
Fjölur	6		6
Fylkir	6	3	9
KFR	3		3
KFA	3		3

kumite 14-15 ára pílta

1.	Hrannar Arnasson
2.	Aron Bjarkason
3.	Matthías Eyfjörð

	Stig	Stig áður	Stig alls
Fylki	10	10	20
Þórshamri	8		8
UMFA	6		6

Karatesamband Íslands

3.	Michael Már Davíðsson	KFR	6	8	14
5.-6.	Amjad Joumaa Naser	KFA	3		3
5.-6.	Máni Hákonarson	UMFA	3	6	9

kumite 14-15 ára stúlkna

1.-2.	Iveta Ivanova	Fylkir	10	10	20
1.-2.	Embla Kjartansdóttir	Fylkir	8	8	16
3.	Lóa Finsdóttir	Fylkir	6	6	12
3.	Kamila Buraczewska	ÍR	6		6
5.-6.	Elín Björg Arnarsdóttir	UMFA	3		3
5.-6.	Móey María Sigþórsdóttir	Breiðablik	3	6	9

kumite 16-17 ára pílta

1.	Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson	Fylkir	10	10	20
2.	Óttar Snær Yngvason	Þórshamri	8		8
3.	Þorsteinn Freygarðsson	Fylkir	6	6	12
3.	Aron Anh Ky Huyn	ÍR	6	8	14
Landsliðsþjálfarar velja í landsliðshóp.

Keppandi mætir a.m.k. á 70% skipulagðra samæfinga á vegum landsliðsnefndar á hverju misseri. Keppandi stenst þolprófi sett af landsliðsþjálfara.

Keppandi vinnur sjálfstætt í æfinga- og keppnisáætlun sinni og fer reglulega yfir hana með landsliðsþjálfara/landsliðsnefnd.

Verkefni 2017-2020

Hér eru upptalin þau verkefni sem stefnt er að ef fjárhagur leyfir og keppendur hafa sýnt árangur sem uppfyllir skilyrði til þátttöku í erlendum verkefnum. Verkefni geta fallið niður ef ekki er til nægilegt fjármagn.

Karatesamband Íslands

Verkefni 2017

Tvö opin mót á norðurlöndum é é é é é é é é é é é é é é é é . 300 þús.
Norðurlandameistaramót, í Eistlandi é é é é é é é é é é é é é é é .. 2.000 þús.
Evrópumeistaramót unglinga, í febrúar, 2-4 keppendur é é é é é é é é 600 þús.
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Tyrklandi, é é é é é . é é é é é . 0 þús.
Smáþjóðamót Evrópu í karate í október í Andorra, é é é é é é é é é é 2.000 þús.
Heimsmeistaramót ungmenna í október á Tenerife é é é é é é é é é é .. 700 þús.
Opin mót í Evrópu 1-4 keppendur é é é é é é é é é é é é é é é 700 þús.
Reykjavík International Games í Karate é é é é é é é é é é é é é é .. 700 þús.
Áætlaður heildarkostnaður fyrir 2017 er é é é é é é é é é é é é é é .. 7.000 þús.

Verkefni 2018

Tvö opin mót á norðurlöndum é é é é é é é é é é é é é é é é . 400 þús.
Norðurlandameistaramót, í Finnlandi é é é é é é é é é é é é é é é .. 2.000 þús.
Evrópumeistaramót unglinga, í febrúar í Rússlandi, 2-4 keppendur é é é é 500 þús.
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Serbíu, 1-4 keppendur é é é é é . 500 þús.
Heimsmeistaramót fullorðinna, í október í Perú, é é é é é é é é é é .. 0 þús.
Smáþjóðamót Evrópu í karate í september í San Marino é é é é é é .. 2.000 þús.
Opin mót í Evrópu 1-4 keppendur é é é é é é é é é é é é é é é 700 þús.
Reykjavík International Games í Karate é é é é é é é é é é é é é é .. 700 þús.
Áætlaður heildarkostnaður fyrir 2018 er é é é é é é é é é é é é é é . 6.700 þús.

Verkefni 2019

Tvö opin mót á norðurlöndum é é é é é é é é é é é é é é é é . 500 þús.
Norðurlandameistaramót, Litháen é é é é é é é é é é é é é é é 2.500 þús.
Evrópumeistaramót unglinga, í febrúar, 2-4 keppendur é é é é é é é é . 600 þús.
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Spáni, 1-4 keppendur é é é é é é .. 600 þús.
Smáþjóðamót Evrópu í karate í október é é é é é é é é é é é ..é é 2.000 þús.
Opin mót í Evrópu 1-4 keppendur é é é é é é é é é é é é é é é 700 þús.
Reykjavík International Games í Karate é é é é é é é é é é é é é é .. 700 þús.
Áætlaður heildarkostnaður fyrir 2019 er é é é é é é é é é é é é é é . 7.600 þús.

Verkefni 2020

Tvö opin mót á norðurlöndum é é é é é é é é é é é é é é é é . 500 þús.
Norðurlandameistaramót, Noregi é é é é é é é é é é é é é é é 2.500 þús.
Evrópumeistaramót unglinga, í febrúar, 2-4 keppendur é é é é é é é é . 600 þús.
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí, 1-4 keppendur é é é é é é é é . 600 þús.
Smáþjóðamót Evrópu í karate í október é é é é é é é é é é é ..é é 2.000 þús.
Heimsmeistaramót fullorðinna, í október, é é é é é é é é é é é é é é 500 þús.
Opin mót í Evrópu 1-4 keppendur é é é é é é é é é é é é é é é 700 þús.
Reykjavík International Games í Karate é é é é é é é é é é é é é é .. 700 þús.
Áætlaður heildarkostnaður fyrir 2020 er é é é é é é é é é é é é é é . 8.200 þús.

Fjármögnun

Landsliðsverkefni eru fjármögnuð með afreksstyrkjum frá Afrekssjóði ÍSÍ, með Lottó tekjum, af öðrum tekjum sambandsins og með styrkjum frá styrktaraðilum. Einnig greiða keppendur hluta kostnaðar við hverja ferð.

Fagteymi

Vegna smæðar sambandsins er ekki starfandi fagteymi hjá Karatesambandinu. Sambandið mun aðstoða keppendur með að útvega sjúkrahjálfa og íþróttasálfræðing eftir þörfum. Stefnt er að því að nýta sameiginlegt teymi ÍSÍ þegar því verður komið á fót.

Endurmat

Landsliðsþjálfari/landsliðsnefnd skilar stjórn KAÍ skýrslu á ári hverju þar sem síðasta ár er skoðað með tilliti til árangurs, eftirfylgni og áætlana. Landsliðsnefnd og stjórn meta stöðuna og halda eða breyta áætlunum hverju sinni.

Karatesamband Íslands
Aðilar og ábyrgð

Stjórn KAÍ hefur alla umsjón og ber ábyrgð á afreksstefnu sambandsins. Beinir aðilar að afreksstefnunni eru: Stjórn KAÍ, landsliðsnefnd, sérþjálfarar, karatefélögin og keppendur. KAÍ skal kynna keppendum hlutverk þeirra og væntingar sem gerðar eru til þeirra sem valdir eru í landslið sambandsins. KAÍ skal vinna að því að virkja það fólk sem kemur að afreksstefnunni, til að vinna jafnframt með hóp ungra og uppnennandi afreksmanna.

Samþykkt á Karateþingi 25. Febrúar 2017.

REGLUGERÐIR

REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

1. gr. Íslandsmeistaramót í Karate skal vera fimmskipt, Kata og Kumite fullorðinna, Kata og Kumite unglunga og Kata barna. Framkvæmdaraðili skal vera Mótanefnd KAÍ. Ef mótanefnd er ekki skipuð skal formaður KAÍ, varaformaður og gjaldkeri skipa nefndina.
2. gr. Íslandsmeistaramót unglunga í Kumite skal haldið í október og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite skal haldið í nóvember ár hvert. Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata skal haldið í mars ár hvert. Íslandsmeistaramót barna í Kata skal haldið í mars eða apríl ár hvert. Íslandsmeistaramót unglunga í Kata skal haldið í mars eða apríl ár hvert. Ef sérstaklega stendur á getur mótanefnd eða stjórn KAÍ breytt mótstíma frá því sem að ofan greinir. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
3. gr. Tilkynna skal dagsetningu mótanna og dagskráratriði þeirra með minnst 14 daga fyrirvara til allra karatefélaga og -deilda innan ÍSí. Þar skal m.a. taka fram þátttökugjald. Þátttökutilkynningar skulu berast frá félögunum eigi síðar en 4 dögum fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þátttökugjalda, eða staðfesting greiðslu, skal fylgja tilkynningum félaganna.
4. gr. Þá daga sem Íslandsmeistaramótin fara fram má ekki stofna til annarrar opinberrar karatekeppni.
5. gr. Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skulu þó aldrei vera færri en tveir í einstaklingsgreinum. Dómaranefnd skal skipa aðaldómara á komandi móti og skal mótanefnd tilgreina hann í tilkynningu til félaganna.

Starfsfólk.

Karatesamband Íslands

6. gr. Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Ef keppt er á tveimur eða fleiri völlum á móti skal tilnefna yfirdómara og mótsstjóra. Þeir sjá um að framkvæmd móts gangi hratt og vel fyrir sig. Á kumitemótunum skal vera læknir eða hjúkrunarfræðingur til staðar. Hvert þáttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á Íslandsmeistaramótum barna- og unglinga skal hvert félag tilnefna liðsstjóra sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 15. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk, halda liðsstjóra eða tilnefna dómara.

Keppendur.

7. gr. Keppendur á Íslandsmeistaramótum barna- og unglinga skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki. Sé Íslandsmeistaramót barna eða unglinga mjög fjölmennt getur mótanefnd skipt því upp í 2 hluta og þurfa þá keppendur að vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra hluta. Til að öðlast þáttökurétt á kumitemóti þarf að standast viktun í viðkomandi þyngdarflokki. Að jafnaði er viktað kvöld fyrir mót. Þeir sem ekki standast skráða vikt öðlast ekki þáttökurétt.

Keppnin.

8. gr. Í upphafi móts kallar aðaldómari saman aðra dómara, heldur dómarafund og skipar þá í stöður.

9. gr. Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata kvenna.

Kata karla.

Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).

Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kumite kvenna, -61 kg.

Kumite kvenna, +61 kg.

Kumite kvenna, opinn flokkur.

Kumite karla, -60 kg.

Kumite karla, -67 kg.

Kumite karla, -75 kg.

Kumite karla, -84 kg.

Kumite karla, +84 kg

Kumite karla, opinn flokkur.

Karatesamband Íslands

Liðakeppni karla (3 manna sveitir).

Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kumite piltar 12 ára.

Kumite piltar 13 ára.

Kumite piltar 14 og 15 ára -63 kg*.

Kumite piltar 14 og 15 ára +63 kg*.

Kumite piltar 16 og 17 ára -68 kg*.

Kumite piltar 16 og 17 ára +68 kg*.

Kumite stúlkna 12 og 13 ára.

Kumite stúlkna 14 og 15 ára -54 kg*.

Kumite stúlkna 14 og 15 ára +54 kg*.

Kumite stúlkna 16 og 17 ára -59 kg*.

Kumite stúlkna 16 og 17 ára +59 kg*.

* ef fjöldi keppenda leyfir skiptingu.

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata stúlkur 12 ára.

Kata stúlkur 13 ára.

Kata stúlkur 14 ára.

Kata stúlkur 15 ára.

Kata stúlkur 16 og 17 ára.

Kata piltar 12 ára.

Kata piltar 13 ára.

Kata piltar 14 ára.

Kata piltar 15 ára.

Kata piltar 16 og 17 ára.

Hópkata táninga 12 og 13 ára.

Hópkata táninga 14 og 15 ára.

Hópkata táninga 16 og 17 ára.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata barna 8 ára og yngri.

Kata stúlkna 9 ára.

Kata stúlkna 10 ára.

Kata stúlkna 11 ára.

Kata pilta 9 ára.

Kata pilta 10 ára.

Kata pilta 11 ára.

Hópkata barna 9 ára og yngri.

Hópkata barna 10 og 11 ára.

Á meistaramótum barna og unglinga skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 11 ára og yngri en unglingamótið fyrir 12 til 17 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokki í kumite en 18 ára í öðrum flokki í kumite og í liðakeppni í kumite, miðað skal við fæðingarár. Tilgreina þarf nöfn þeirra keppenda sem taka þátt í hópkata eða liðakeppni í kumite og í hvaða liði viðkomandi er ef hans þátttökufélag sendir fleiri en eitt lið í viðkomandi grein.

10. gr. Íslandsmeistaraverðlaun skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað sæti silfurlitaður peningur og það þriðja bronslitaður peningur. Þegar keppt er eftir uppreisnarfyrirkomulagi er ekki keppt um 3ja sæti heldur skal veita tvenn bronsverðlaun. Ef keppendur eru 3 keppa allir við alla. Veitt eru gull, silfur og bronsverðlaun fyrir 1. ÷ 3. sæti. Sigurvegari er sá sem hefur flesta bardagasigra. Ef tveir eða fleiri keppendur hafa sama fjölda sigra er sigurinn þess keppanda sem sigraði innbirgðisviðureign þeirra. Ef enn er jafnt sigrar sá sem hefur skorað flest stig úr bæði sigur- og tapbardögum. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar í eitt ár. Á meistaramótum barna og unglinga skal verðlauna það félag sem fær flest stig með farandbikar til varðveislu en einnig annan minni áritaðan til eignar.

11. gr. Á Íslandsmeistaramótum í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Á Íslandsmeistaramóti unglinga í kata mega keppendur í flokki pilta og stúlkna, 13 ára og yngri, sýna sömu kata aftur. Það sama á við um keppendur á Íslandsmeistaramóti barna í kata. Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en tveir keppendur eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.

12. gr. Á Íslandsmeistaramótum í kumite skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi, en þó er mótanefnd heimilt að ákveða að láta keppa í riðlum, allir við alla, en það skal þá koma skýrt fram í mótstilkynningu. Ef keppendur eru þrír skulu allir keppa við alla. Keppni um þriðja sætið skal hagað þannig að þeir sem töpuðu fyrir þeim sem komast í úrslit keppa um það, þó getur mótanefnd ákveðið að hafa annan hátt á. Sömu reglur gilda um liðakeppnina, nema mótanefnd ákveðið að láta liðin keppa innbyrðis eftir öðrum reglum.

13. gr. Í þeim tilfellum sem mótanefnd getur ákveðið að hafa annan hátt á en um getur hér að ofan eða í alþjóðlegum reglum, þá skal félögunum tilkynnt það í mótstilkynningu eða í síðasta lagi sex dögum fyrir mótið.

Kærur, fundir, úrslit og skýrslur.

14. gr. Mótanefnd skal sjá um að fáanlegar séu skriflegar upplýsingar um úrslit mótsins, í síðasta lagi daginn eftir mótið. Skýrslu um mótið skal senda stjórn KAÍ innan mánaðar eftir að mótinu lýkur.

15. gr. Kærur um framkvæmd móts eða ákvarðanir mótanefndar varðandi mótin, skulu berst mótanefnd í síðasta lagi 48 tímum eftir lok móts. Kærur skulu vera skriflegar. Kærur varðandi atvik, sem eiga sér stað fyrir mót skulu afgreiddar þegar í stað og eigi síðar en sólarhring síðar. **Eyðublað fyrir kæru á móti.** Mótanefnd skal jafnóðum taka afstöðu til kæra sem berst á eða fyrir mót og geta varðað úrslit eða lögmæti mótsins. Mótanefnd skal annars taka afstöðu til kæra innan viku frá því að kæra berst. Kæranda skal skýrt frá úrlausn mótanefndar munnlega, en kærandi getur óskað eftir skriflegri niðurstöðu mótanefndar. Niðurstaða í úrlausn mótanefndar skal stuttlega rökstudd, þó er ekki þörf ítarlegs rökstuðnings varðandi kærur sem afstaða er tekin til á mótunum sjálfum, nægir þá oft að vísa til lagaákvæðis. Úrlausnir mótanefndar eru kærانlegar til dómstóls ÍSÍ í viku eftir að kæranda berst vitneskja um niðurstöðu mótanefndar.

16. gr. Mótanefnd er heimilt að sekta þau félög sem ekki senda starfsmenn, dómara eða liðsstjóra á mót samkvæmt reglum þessum. Sektir geta verið allt að fimmföld upphæð samanlagðs þátttökugjalds fyrir alla keppendur sem skráðir eru frá félaginu. Mótanefnd er heimilt að meina þeim félögum að taka þátt á móti er inna eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist. Sama er að segja um næsta eða næstu mót ef sektin er eigi greidd áður.

17. gr. Kærur varðandi agabrot á mótum skulu berast aganefnd KAÍ. Aðaldómara er skylt að gera skriflega skýrslu um þau agabrot, er hann verður var við og senda aganefnd innan 14 daga frá því að móti lauk. Öðrum dómurum á mótinu er skylt að tilkynna aðaldómara um slík brot, sem þeir verða varir við og skila skýrslu um þau til hans í mótslok. Í skýrslu um agabrot skal tilgreina nafn hins brotlega, félag, stað, tíma og í hverju agabrotið er fólgið, einnig skal nefna vitni ef einhver eru.

18. gr. Ekki má mótmæla dómi við dómara. Ef dómaragjörð virðist brjóta gegn reglunum, hafa formaður viðkomandi félags eða liðstjóri keppanda einir rétt til að mótmæla. Mótmælin verða að berast til Yfirdómara viðkomandi móts. Þegar þar að kemur, mun dómaranefnd KAÍ fara yfir aðstæður sem leiddu til mótmælanna. Eftir að hafa tekið tillit til allra staðreynda sem fyrir liggja munu þeir skila skýrslu til stjórnar KAÍ og viðkomandi aðila.

19. gr. Í úrslitum eftir mót er mótanefnd skylt að birta úrslit móts með stigagjöf félaga, þannig að félag fær 3 stig fyrir 1 sæti, 2 stig fyrir 2 sæti og 1 fyrir 3 sæti. Fyrir liðakeppni í kata og kumite skal reikna tvöföld stig fyrir hvert sæti.

20. gr. Að öðru leiti gilda reglur WKF um Íslandsmeistaramót KAÍ.

21. gr. Ef eitthvert félag óskar þess, þá skal halda fund á næstu dögum eftir mót, þar sem rætt er um úrslit, framkvæmd, kærur og úrbætur mótsins.

Félagaskipti.

22. gr. Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félagsins/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum félaganna um þátttakendur á mót skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili, og ekki er þegar búið að tilkynna um.

Samþykkt á 8. Karateþingi 19. mars 1991.

Síðast breytt af stjórn KAÍ 20. nóvember 2017.

REGLUR UM FÉLAGSSKIPTI

1. Hlutgengi.

Hlutgengur til þátttöku í mótum á vegum KAÍ er hver sá aðili sem er félagsbundinn í félagi innan KAÍ og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma.

2. Almenn um félagsskipti

Öll félagsskipti, 14 ára og eldri, skal tilkynna KAÍ skriflega á þar til gert eyðublað. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar.

3. Framkvæmd félagaskipta

3.1 Öll félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði útgefnu af KAÍ. **Eyðublað fyrir Félagsskipti** skal undirritað af viðkomandi félagsmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í. Undirritun fulltrúa félagsdeildar sem gengið er úr staðfestir að viðkomandi félagsmaður hafi engar skuldbindingar við sitt fyrra félag. Hafi félagsmaður einhverjar skuldbindingar við sitt fyrra félag er því félagi heimilt að hafna félagsskiptunum. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félags/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti.

3.2 Stjórn KAÍ er ekki heimilt að staðfesta félagsskipti fyrr en undirskriftir umsækjenda og staðfesting félaga sem hlut eiga að máli liggur fyrir. Þegar stjórn KAÍ hefur staðfest félagaskiptin öðlast viðkomandi aðili keppnisheimild með sínu nýja félagi. Upplýsingar um félagaskipti skulu birtar á heimsíðu KAÍ þegar þau hafa verið samþykkt.

4. Úrskurðar- og umsagnaraðili

Stjórn KAÍ er úrskurðaaðili í deilum sem upp koma varðandi félagaskipti. Úrskurði geta aðilar áfrýjað til dómstóls ÍSÍ. Að öðru leyti en að framan greinir vísast til almennra reglna ÍSÍ um móta- og keppendareglur sem í gildi eru á hverjum tíma.

Samþykkt á karateþingi 22. febrúar 2014

REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

1. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil er almanaksárið. Bikarmótinu skal skipta í einn, tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í tveimur flokkum í hverjum hluta mótsins í kumite, opnum flokki kvenna og opnum flokki karla og tveimur flokkum í kata, flokki karla annars vegar og flokki kvenna hins vegar.

2. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðjasæti og 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti og 6 stig fyrir þriðja sæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Hægt er að keppa bæði í kata og kumite og leggjast þá stigin úr greinunum tveim saman. Eftir að öllum Bikarmótum tímabilsins er lokið skulu stigahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Þeim tveimur sem koma næst þeim að stigum í flokki

Karatesamband Íslands

karla og flokki kvenna skal veita önnur og þriðju verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppninnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

3. gr. Lágmarksaldur keppenda á bikarmótum skal vera 16 ár og skal miða við fæðingarár. Mótanefnd hefur heimild til að veita undanþágur frá aldursreglu.

4. gr. Hverju þátttökufélagi er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.

5. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.

Samþykkt af stjórn KAÍ í ágúst 2017.

REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

1. gr. Árlega skal halda Grand Prix mót KAÍ í kumite og kata. Hvert tímabil er almanaksárið. Grand Prix mótinu skal skipta í einn, tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í hverjum hluta mótsins í kata og kumite. Grand Prix mót eru fyrir unglinga 12 til 17 ára og skal miðað við fæðingarár.

2. gr. Á Grand Prix móti í Karate skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata stúlkna 12 ára.

Kata stúlkna 13 ára.

Kata stúlkna 14 og 15 ára.

Kata stúlkna 16 og 17 ára.

Kumite telpna 12 og 13 ára.

Kumite stúlkna 14 og 15 ára.

Kumite stúlkna 16 og 17 ára.

Kata pílta 12 ára.

Kata pílta 13 ára.

Kata pílta 14 og 15 ára.

Kata pílta 16 og 17 ára.

Kumite pílta 12 ára.

Kumite pílta 13 ára.

Kumite pílta 14 ára.

Kumite pílta 15 ára.

Kumite pílta 16 og 17 ára.

3. gr. Skrá og greiða þarf þátttökugjald fyrir hvern keppanda. Keppendur keppa í sama flokki alla mótaröðina og skal miðað við fæðingarár í upphafi mótaraðar. Skráningu skal vera lokið 7 dögum fyrir mót og skal skrá fæðingarár og þyngd. Mótanefndin getur skipt upp stórum flokkum eða breytt flokkum í þyngdarflokka innan t.d. tveggja ára.

4. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðju

Karatesamband Íslands

sæti, 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti og 6 stig fyrir þriðja sæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Veitt eru verðlaun fyrir fyrsta sæti, annað sæti og tvö þriðju sæti á hverju móti. Eftir að öllum Grand Prix mótum tímabilsins er lokið skal þremur stigahæstu keppendunum í hverri grein veitt verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok Grand Prix keppninnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

5. gr. Mótanefnd KAÍ sér um framkvæmd Grand Prix móta KAÍ. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.

6. gr. Hverju þátttökufélagi er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.

7. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.

Samþykkt af stjórn KAÍ í ágúst 2017.

REGLUR UM KARATEDÓMARA.

Almennar reglur.

1. gr. Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Dómaranefnd skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-dómari og loks A-dómari. Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði A-dómararéttindi í kata og kumite. Nefndin skal halda dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framur þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistara-mótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi.

2. gr. Til að öðlast réttindi sem Karatedómari þarf viðkomandi að hafa 1. Dan gráðu eða hærri og að vera orðinn 22 ára.

Dómari í kata og kumite þarf að vera með 1. kyu gráðu eða hærri og orðinn 18 ára.

Meðdómari í kata og kumite þarf að vera með 3. kyu gráðu eða hærri og orðinn 16 ára.

3. gr. Öll dómaraþéttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótum á vegum KAÍ. Dómarar þurfa að dæma minnst tvisvar á ári og meðdómara einu sinni á ári til að halda kata og kumite réttindum sínum.

Dómarnefnd má uppfæra réttindi úr B í A án þess viðkomandi farið í nýtt próf ef hann hefur dæmt reglulega og staðið sig á A-stigi.

Til að standast skriflegt próf þarf yfir 90% rétt svör til að ná dómaraþéttindum og yfir 80% rétt svör til að ná meðdómaraþéttindum.

Einnig þarf að standast verklegt próf að mati dómaranefndar.

Kata-dómari þarf einnig að kunna eina algenga keppniskata úr sínum stíl og eina algenga keppniskata og grunnkata úr öðrum stíl. Kata-meiddómari þarf að kunna algenga keppniskata úr sínum stíl og eina grunnkata úr öðrum stíl.

Samþykkt af stjórn KAÍ 5. mars 2015

REGLUR UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR KAÍ

1. Heiðursmerki.

1. Gullmerki KAÍ
2. Silfurmerki KAÍ
3. Borðfáni KAÍ

Gull- og silfurmerki KAÍ eru barmmerki með einföldu merki Karatesambandsins eins og það er á hverjum tíma í gulli eða silfri.

Borðfáni KAÍ er merki KAÍ á hvítum fleti og stofndagur KAÍ, 28. febrúar 1985, skráð fyrir neðan. Fáninn er tvöfaldur með kögri og snúru. Borðfáninn skal vera á stöng þegar hann er veittur.

2. Viðurkenningar

Gullmerki KAÍ skal einkum veitt einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburðagott starf fyrir karatehreyfinguna.

Silfurmerki KAÍ skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum karatehreyfingarinnar.

Borðfáni KAÍ skal veita félögum, einstaklingum og þeim samstarfsaðilum sem stjórn KAÍ ákveður hverju sinni.

3. Heiðranir

Stjórn KAÍ ákveður á stjórnarfundum, þar sem öll stjórnin er mætt, hverja skuli sæma heiðursmerki á ári hverju og um veitingu heiðursmerkis verður öll stjórnin að vera sammála.

Karatesamband Íslands

Veiting heiðursmerkja fer fram á stofndegi KAÍ, 28. febrúar, á Karateþingi eða við önnur tilefni er stjórn KAÍ ákveður.

Samþykkt af stjórn KAÍ 10. ágúst 2017

REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

Almennar reglur.

1. gr. Landsliðsbúninga Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.
Í landsliðsferðum skal landsliðsfólk klæðast landsliðsbúningi.
2. gr. Keppnisbúninga með Landsliðsmerki Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.
3. gr. Fatnað með merki Karatesambands Íslands er eingöngu heimilt að nota þegar komið er opinberlega fram fyrir hönd Karatesambandsins, innanlands sem erlendis.

Samþykkt af stjórn KAÍ, 18. mars 2011.

VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ

Mótagjöld

ÍM Barna	Einstakl. – Lið
	2.500 kr - 3.500 kr
ÍM Unglinga	2.500 kr - 3.500 kr
ÍM Fullorðinna	4.000 kr - 6.000 kr
GrandPrix mót	2.500 kr fyrir hvern flokk
Bikarmót	3.000 kr fyrir hvern flokk
RIG	3.000 kr fyrir hvern flokk

Sektir *

Vantar réttindadómara / aukadómara á mót	10.000 kr / 5.000 kr
Vantar starfsmann á mót	5.000 kr
Vantar yfirliðstjóra á mót	5.000 kr
Kæra inn keppanda á mót	5.000 kr

*** Sektir verða þó aldrei meiri en fimmföld mótagjöld félags**

Greitt fyrir keppnisdýnur sem eru á staðnum:	15.000 kr
Greitt fyrir keppnisdýnur sem þarf að flytja á mótssstað:	20.000 kr auk
31. Ársþing KAÍ	24. febrúar 2018

Gjald fyrir kæru á mót:

10.000 kr

Lán á keppnisklukkum, flöggum, osfrv.:

0 kr

Lán á sjúkratösku:

Ekki lánuð

Greitt fyrir dómgæslu réttindadómara: Undir 4 klst mót: 5.000 kr; yfir 4 klst mót: 10.000 kr

Þátttökukostnaður keppenda á erlendri grundu

Hlutur keppenda í Landsliðsferðum er 50 þúsund kr í hverri ferð.

Flestir keppendur/félög hafa aðgang að styrkjum frá íþróttabandalögum eða héraðssamböndum vegna ferða á stærri mót.

Samþykkt af stjórn KAÍ í desember 2017

REKSTRARREIKNINGUR KAÍ 1/1-31/12 2017

Tekjur		Skýring	1/1-31/12/17	1/1-31/12/16	breyting %
11000	Framlög og styrkir	1	11.920.402	9.735.521	22,4%
15000	Tekjur af mótum	2	1.770.171	1.736.500	1,9%
22000	Árgjöld aðildarféлага		778.700	903.500	-13,8%
29000	Aðrar tekjur	3	2.519.323	3.246.440	-22,4%
Tekjur alls			16.988.596	15.621.961	8,7%
Gjöld					
31000	Laun og verktakagreiðslur	4	1.880.510	1.079.928	74,1%
37000	Áhöld og tæki	5	76.865	262.240	-70,7%
41000	Ferðakostn. Innanlands	6	671.359	322.903	107,9%
42000	Ferðakostn. erlendis	7	7.903.541	8.684.038	-9,0%
43000	Annar þátttökukostn.				
45000	Kostnaður við mótahald	8	2.341.310	2.070.553	13,1%
48000	Skrifstofuleiga hjá ÍSÍ	9	215.976	187.728	15,0%
53000	Rekstur skrifstofu	9	1.838.343	1.756.438	4,7%
56000	Kynning, fræðsla og útbreiðsla	10		105.000	
57000	Dómarmál	10	1.452.576	1.133.828	28,1%
65000	Önnur gjöld	11	34.336	12.870	166,8%
70000	Erlend samskipti	12	285.069	303.908	-6,2%
Rekstrargjöld alls			16.699.885	15.919.434	4,9%
Hagnaður/Tap f. afskriftir			288.711	-297.473	-197,1%
Fjármagnstekjur			19.805	26.142	-24,2%
Afskriftir alls					
Hagnaður/Tap			308.516	-271.331	-213,7%

Reikning þennan hef ég samið eftir hjálögðum gögnum ársins 2017
Reykjavík, 20. febrúar 2018

María Jensen, gjaldkeri KAÍ

Skýringar við rekstrarreikning

1 Framlög og styrkir	
Ríkisstyrkur	3.000.000
Útbreiðslustyrkur	2.287.448
Lottó	3.432.954
Afrekssjóður	3.200.000
	11.920.402
2 Tekjur af mótum	
RIG	347.671
ÍM-Barna	329.500
UM-Kata	163.500
ÍM-Kata	115.000
Grand Prix 2	178.500
Grand Prix 3	174.000
Haustrmót KAÍ 12-17 ára	90.000
UM-Kumite	84.000

31. Ársþing KAÍ

24. febrúar 2018

Karatesamband Íslands

ÍM-Kumite	94.000
Haustrmót KAÍ 16+ ára	46.000
Bikarmót 2	76.000
Bikarmót 3	72.000
	1.770.171
3 Aðrar tekjur	
Aðgangseyrir RIG	42.523
Hlutur keppenda í landsliðsferðum	2.476.800
	2.519.323
4 Laun og verktakagreiðslur	
Landsliðsþjálfarar	1.424.500
Erlendur þjálfari, 3 heimsóknir	456.010
	1.880.510
5 Áhöld og tæki	
Landsliðsbúningar	76.865
	76.865
6 Ferðakostnaður innanlands	
Flug RIG	91.050
Flug erlendur þjálfari	116.803
Gisting RIG	114.993
Gisting erlendur þjálfari	210.266
Akstur RIG	72.597
Uppihald	65.650
	671.359
7 Ferðir erlendis	
Flug	5.245.595
Gisting	872.032
Uppihald	880.583
Þátttökugjöld	405.843
Akstur	342.013
Annað	157.475
	7.903.541
8 Kostnaður við mótahald	
Verðlaunapeningar	567.215
Vallarleiga	135.000
Akstur	319.780
Matur	72.429
Sjúkrakostnaður	184.546
Sportdata	232.039
Annað	830.301
	2.341.310
9 Rekstur skrifstofu	
Skrifstofuleiga ÍSÍ	215.976
Veitingar	402.295
Fundir erlendis	526.606
Tölvukostnaður	805.162
Annað	104.280
	2.054.319
10 Kynning, fræðsla, útbreiðsla	
Dómaranámskeið	1.452.576
	1.452.576
11 Önnur gjöld	
Bankakostnaður	34.336
	34.336
12 Erlend samskipti	

Karatesamband Íslands

WKF	176.304
EKF	108.765
SSEKF	
	285.069

EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2017

EIGNIR	31.12.2017
87000 Inneign hjá ÍSí	874.476
87000 Skuldir félaga	0
<i>Skammtímakröfur alls</i>	874.476
88000 <i>Handbært fé</i>	
88210 Tékkareikningur 0515-26-5103	789.106
88220 Sparireikningur 0515-14-104863	1.773.961
88230 Mastercard	48.153
<i>Handbært fé alls</i>	2.611.220
89999 Eignir alls	3.485.696
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	
91000 Eigið fé 31/12/16	3.177.180
Skammtímakröfur	
Hagnaður/tap	308.516
Eigið fé 31/12/17	3.485.696
92003 Viðskiptaskuldir	
99999 Skuldir og eigið fé alls	3.485.696

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Karatesambands Íslands (KAÍ) og ekkert fundið athugavert og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 20. febrúar 2018

Haukur Jónsson

Valgerður Helga Sigurðardóttir